

Góður rekstur og sterk fjárhagsstaða

Helstu atriði úr starfsemi Brims árið 2022

- Rekstur félagsins var góður og efnahagur félagsins er sterkur.
- Rekstur botnfisksviðs gekk vel á árinu þrátt fyrir óvissu á mörkuðum samhliða efnahagsþrengingum í helstu viðskiptalöndum og hækkandi verðs á öllum aðföngum olíu, umbúðum ofl.)
- Umtalsverður niðurskurður var á botnfiskheimildum kvótaárið 2022/2023 eða um 6% í þorski, 20% í gullkarfa og 20% í djúpkarfa, aukning í ýsu nam hins vegar 23%.
- Veiðar og vinnsla uppsjávarfisks gengu vel á árinu. Verulega hægði á sölu á uppsjávarafurðum sem seldar hafa verið til Austur Evrópu í kjölfar stríðsátaka í Úkraínu. Markaðir fyrir mjöl og lýsisafurðir voru aftur á móti mjög sterkir á árinu og afurðaverð góð, hagfelld umhverfi á mörkuðum fyrir mjöl og lýsi gerði meira en vega upp erfiðari aðstæður á mörkuðum fyrir frýstar afurðir uppsjávarfisks.
- Á árinu 2022 var afli skipa félagsins 43 þúsund tonn af botnfiski og 151 þúsund tonn af uppsjávarfiski samanborið við tæp 51 þúsund tonn af botnfiski árið áður og tæp 96 þúsund tonn af uppsjávarfiski. Skipastóll samstæðunnar var 10 skip í árslok.
- Í október var gengið frá kaupum á Sólborgu ehf. Félagið á frystitogarann Sólborgu RE-27 ásamt aflaheimildum í gulllax, makríl, loðnu og þorski í Barensbafi.
- Í október var gengið frá samkomulagi um kaup á hlutabréfum í danska félaginu Polar Seafood Denmark A/S sem er sölufyrirtæki og vinnsluaðili sjávarafurða. Kaupin voru gerð í gegnum danskt eignarhaldsfélag sem er í eigu Brims hf. Samningurinn er háður hefðbundnum skilyrðum fyrir þessum viðskiptum, eins og samþykki viðkomandi yfirvalda. Í dag hefur ekki öllum fyrirvörum verið aflétt.
- Á árinu var lokið við útgáfu blárra og grænna skuldabréfa sem falla undir sjálfbæran fjármögnunarramma.

Guðmundur Kristjánsson, forstjóri:

„Rekstur Brims var góður árið 2022. Loðnuveiðar gengu vel og veiddist mikið magn. Af bolfiski var veitt 8 þúsund tonnum minna en árið áður. Erlendir markaðir fyrir sjávarafurðir Brims voru hagstæðir, verð góð og gekk sala á afurðum vel.

Brim hefur haldið áfram að fjárfesta eftir stefnu sem var mörkuð árið 2018, þ.e. að fjárfesta í veiðiheimildum, skipum, tækni og búnaði, og markaðs og sölustarfi.

Í dag er óvissa. Í Evrópu er stríð og verðbólga og vinnudeilur eru hér á Íslandi og undirbúningur er í gangi að nýjum lögum um stjórn fiskveiða. Brim mun því fara varlega í öllum mikilvægum ákvörðunum á næstu mánuðum.“

Rekstur

Rekstrartekjur Brims hf. árið 2022 námu 450,9 m€ samanborið við 387,9 m€ árið áður. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 117,7 m€ eða 26,1% af rekstrartekjum, en var 93,2 m€ eða 24,0% árið áður. Fjármagnsgjöld voru 4,2 m€ samanborið við 3,6 m€ árið áður.

Áhrif hlutdeildarféлага voru jákvæð um 2,0 m€, en voru 0,8 m€ árið áður. Hagnaður fyrir tekjuskatt var 99,1 m€, samanborið 94,7 m€ árið áður. Gjaldfærður tekjuskattur nam 19,8 m€, en var 19,5 m€ árið áður. Hagnaður ársins varð því 79,3 m€ en var 75,2 m€ árið áður.

Meðalfjöldi ársverka árið 2022 var 713 en var 762 árið 2021. Laun og launatengd gjöld námu samtals 93,5 m€, samanborið við 78,5 m€ árið áður (13,3 milljarðar króna á meðalgengi ársins samanborið við 11,8 milljarða árið áður).

LYKILTÖLUR REKSTRAR

EUR '000	4F 2022	4F 2021	2022	2021
Seldar vörur	97.064	96.295	450.928	387.931
Kostnaðarverð seldra vara	(79.825)	(68.129)	(321.760)	(293.482)
Vergur hagnaður	17.239	28.166	129.168	94.449
Aðrar tekjur	0	17.908	0	20.891
Útflutningskostnaður	(2.410)	(2.255)	(11.274)	(8.017)
Annar rekstrarkostnaður	(3.545)	(2.436)	(16.592)	(9.806)
Rekstrarhagnaður	11.284	41.383	101.302	97.517
Fjáreignatekjur	1.069	942	3.065	3.962
Fjármagnsgjöld	(3.317)	(1.791)	(8.847)	(7.575)
Gengismunur	(82)	132	1.568	(20)
Áhrif hlutdeildarféлага	(24)	154	2.038	805
Hagnaður fyrir tekjuskatt	8.930	40.820	99.126	94.689
Tekjuskattur	(1.707)	(8.711)	(19.830)	(19.487)
Hagnaður tímabilsins	7.223	32.109	79.296	75.202
EBITDA	15.430	27.689	117.713	93.200
EBITDA%	15,9%	28,8%	26,1%	24,0%

Efnahagur

Heildareignir félagsins námu 942,9 m€ árslok 2022. Þar af voru fastafjármunir 664,3 m€ og veltufjármunir 278,5 m€. Fjárhagsstaða félagsins er sterk og nam eigið fé 452,3 m€ og var eiginfjárhlutfall 48,0%, en var 50,0% í lok árs 2021. Heildarskuldir félagsins í árslok 2022 voru 490,6 m€.

LYKILTÖLUR EFNAHAGS

EUR '000	31.12.2022	31.12.2021
Fastafjármunir	664.340	627.546
Veltufjármunir	278.547	168.360
Eignir samtals	942.887	795.906
Eigið fé	452.275	398.406
Langtímaskuldir	214.498	334.733
Skammtímaskuldir	276.114	62.767
Eigið fé og skuldir	942.887	795.906

Fjórði ársfjórðungur (4F)

- Rekstrartekjur á 4F 2022 voru 97,1 m€ samanborið við 96,3 m€ á 4F 2021.
- EBITDA nam 15,4 m€ á 4F samanborið við 27,7 m€ á sama tímabili 2021.
- Hagnaður á 4F var 7,2 m€ samanborið við 32,1 m€ á 4F 2021 (á 4F 2021 var söluhagnaður 17,9 m€).

Árið 2022

- Rekstrartekjur ársins 2022 voru 450,9 m€ samanborið við 387,9 m€ árið 2021.
- EBITDA ársins 2022 var 117,7 m€ (26,1%) en var 93,2 m€ (24,0%) árið 2021.
- Hagnaður ársins 2022 var 79,3 m€, en var 75,2 m€ árið áður.
- Hagnaður á hlut var 0,041 € en var 0,039 € árið 2021.
- Heildareignir í árslok voru 942,9 m€ samanborið við 795,9 m€ í árslok 2021.
- Eiginfjárlutfall var í lok árs 48% og eigið fé samtals 452,3 m€.

Sjóðstreymi

Handbært fé frá rekstri nam 79,0 m€ árið 2022, en var 82,5 m€ árið áður. Fjárfestingarhreyfingar voru jákvæðar um 33,4 m€. Fjármögnunarhreyfingar voru neikvæðar um 27,3 m€. Handbært fé hækkaði því um 85,1 m€ á tímabilinu og var í árslok 162,0 m€.

LYKILTÖLUR SJÓÐSTREYMI

EUR '000	2022	2021
Handbært fé frá rekstri	79.004	82.538
Fjárfestingarhreyfingar	33.392	24.534
Fjármögnunarhreyfingar	(27.310)	(51.779)
Hækkun (lækkun) á handbær	85.086	55.293
Handbært fé í lok tímabilsins	161.975	76.889

Meginniðurstöður færðar til íslenskra króna

Séu niðurstöður rekstrarreiknings reiknaðar til íslenskra króna á meðalgengi ársins 2022 (1 evra = 142,33 ísk) voru tekjur 64,2 milljarðar króna, EBITDA 16,8 milljarðar og hagnaður 11,3 milljarðar. Séu niðurstöður efnahagsreiknings reiknaðar til íslenskra króna á lokagengi ársins 2022 (1 evra = 151,5 ísk) voru eignir samtals 142,8 milljarðar króna, skuldir 74,3 milljarðar og eigið fé 68,5 milljarðar.



Aðalfundur

Aðalfundur Brims hf. verður haldinn fimmtudaginn 23. mars 2023 klukkan 17:00. Nánari upplýsingar verða veittar á heimasíðu félagsins www.brim.is.

Tillaga stjórnar á aðalfundi um arðgreiðslu

Samkvæmt stefnu félagsins sem kynnt var í skráningarlýsingu félagsins árið 2014 leggur stjórn félagsins til að arðgreiðsla á árinu 2023 vegna rekstrarársins 2022 verði 2,8 kr. á hlut, eða 5.391 millj. kr. (um 35,6 millj. evra á lokagengi ársins 2022, eða 34,9 millj. evra mv. gengi evru 22. febrúar), eða 3,09% af markaðsvirði hlutafjár í lok árs 2022. Arðurinn verði greiddur 28. apríl 2023. Síðasti viðskiptadagur þar sem arður fylgir bréfunum er 23. mars 2023 og arðleysisdagur því 24. mars 2023.

Arðsréttindadagur er 27. mars 2023. Arður greiðist þeim sem skráðir eru í hlutaskrá félagsins í lok arðsréttindadags.

Samþykkt ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum Brims hf. 23. febrúar 2023. Ársreikningurinn er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS – International Financial Reporting Standards) og hefur verið endurskoðaður af endurskoðendum félagsins.

Kynningarfundur þann 23. febrúar 2023

Kynningarfundur fyrir markaðsaðila og fjárfesta verður haldinn fimmtudaginn 23. febrúar klukkan 16:30 í höfuðstöðvum félagsins að Norðurgarði 1, þar mun Guðmundur Kristjánsson forstjóri félagsins kynna uppgjórið. Fundurinn verður einnig rafrænn og hægt verður að fylgjast með fundinum á www.brim.is/streymi. Velkomið er að senda spurningar fyrir fundinn eða á meðan fundi stendur á netfangið fjarfestatengsl@brim.is. Spurningum verður svarað í lok fundar.

Brim hf.

Brim er öflugt sjávarútvegsfyrirtæki sem starfar í sátt við samfélagið og umhverfið. Við stuðlum að verðmætasköpun með vöruþróun, tæknilausnum og öflugum starfsfólki. Við tryggjum með ábyrgum veiðum og vinnslu, þar sem áhersla er á sjálfbærni og nýsköpun, að sjávarútvegur verði áfram burðarstólpi í íslensku samfélagi. Við leitum allra leiða til að lágmarka áhrif starfseminnar á umhverfið hvort sem er á sjó eða í landi.

Fjárhagsdagatal

Aðalfundur	23. mars 2023
Arðgreiðsludagur	28. apríl 2023
Fyrsti ársfjórðungur	17. maí 2023
Annar ársfjórðungur	24. ágúst 2023
Þriðji ársfjórðungur	16. nóvember 2023
Fjórði ársfjórðungur	22. febrúar 2024

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Kristjánsson forstjóri, sími 550-1000.